

| Upplýsinga og tæknimennt | | 5. bekkur |
|---|---|---|
| <p>Kennarar: Andri Már Þorsteinsson, forritun. Hanna Björk Hilmarsdóttir og Kristín Sesselja Kristinsdóttir</p> <p>Tímafjöldi: 1 - 2 stundir</p> | | |
| <p>Menntagildi námsgreinar:</p> <p>Í upplýsinga- og tæknimennt felst miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Eins og fram kemur í Aðalnámskrá grunnskóla er megingilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Hver nemandi þarf markvissa þjálfun í upplýsinga- og miðlalæsi alla skólagönguna. Í Heiðarskóla er upplýsinga- og tæknimennt alla jafna kennd í gegnum aðrar námsgreinar og má því sjá þau viðfangsefni og markmið þeirra í bekkjarnámskrám annarra greina.</p> <p>Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið er eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.</p> <p>Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingaáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.</p> | | |
| Námsflokkar: | Hæfniviðmið | Kennsluhættir |
| Vinnulag og vinnubrögð | <p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> nýtt upplýsingaver sér til gagns í stýrðu námi, nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám, sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum, beitt rétttri fingrasetningu, | <p>Nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> vinna verkefni fyrir fingrasetningu leita heimilda bæði af neti og á bókasafni skrifa ritgerðir eða stutt ritunarverkefni í tölvu vinna verkefni í Word læra á Office 365 aðganginn sinn og það sem hann hefur upp á að bjóða fá fræðslu og leiðsögn um skynsama netnotkun |
| Upplýsingaöflun og úrvinnsla | <ul style="list-style-type: none"> nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við markvissa öflun upplýsinga við hæfi, nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt, | |

| | | |
|--|--|--|
| | <ul style="list-style-type: none"> • nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmiða, | <ul style="list-style-type: none"> • læra undirstöðuatriði í forritun með Micro:bit tölvum og öðrum forritunarbúnaði. |
| Tækni og búnaður | <ul style="list-style-type: none"> • nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, • nýtt hugbúnað við forritun, | |
| Sköpun og miðlun | <ul style="list-style-type: none"> • nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt, | |
| Siðferði og öryggismál | <ul style="list-style-type: none"> • farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á neti- og netmiðlum. | |
| <p>Kennslugögn: Tölvur og meðfylgjandi vefefni, Word, fingrasetning og ýmis verkefni af vef.</p> <p>Námsmat: Leiðsagnarmat – verkefnavinna</p> | | |